

# Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 16. apríl 2026

Mál nr. S-2372/2025:

**Lögrelustjórinn á höfuðborgarsvæðinu**

(Kristín Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari)

**gegn**

**Ricardo Mario Villalobos**

(Ingi Freyr Ágústsson lögmaður)

## Dómur

### I

Ákæra, málsmeðferð og dómkröfur

- Mál þetta, sem dómtekið var 19. mars 2026, var höfðað með ákæru útgefni af lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 29. apríl 2025, á hendur Ricardo Mario Villalobos, kt. [...], [...], Reykjavík,

„fyrir líkamsárás og barnaverndarlagabrot með því að hafa, föstudaginn 17. júní 2022 [svo], við [...] í Reykjavík, veist með ofbeldi að A, kt. [...], tekið hann hálstaki með því að setja handlegginn utan um framanverðan háls A, dregið hann áfram og hert að hálsi hans og í kjölfarið fellt hann svo hann lenti á bakinu á jörðinni með þeim afleiðingum að hann hlaut roða og yfirborðsáverka á hálsi. Með háttsemi þessari sýndi ákærði drengnum yfirgang og ruddalegt athæfi auk ógnandi og vanvirðandi framkomu.

M. 007-2022-[...]

Teljast framangreind brot varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002.

Þess er krafist að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

*Einkaréttarkrafa:*

Fyrir hönd B, kt. [...], fyrir hönd ólöggráða sonar hennar, A, kt. [...], gerir Lilja Margrét Olsen lögmaður kröfu þess efni að Ricardo Mario Villalobos, kt. [...], verði

gert að greiða A kr. [800.000] í miskabætur, auk vaxta samkvæmt 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001, frá 17. júní 2022 en síðan dráttarvaxta samkvæmt 9. gr. sömu laga að liðnum mánuði frá birtingu kröfunnar til greiðsludags. Þá er krafist málskostnaðar að skaðlausu samkvæmt síðar framlögðum reikningi, að viðbættum virðisaukaskatti.“

2. Málið var þingfest 28. maí 2025 og neitaði ákærði sök samkvæmt ákæru og hafnaði bóta-kröfu. Næst var málið tekið fyrir 25. september 2025 til undirbúnings aðalmeðferðar sem fyrirhuguð var 3. desember 2025. Aðalmeðferð var frestað utan réttar vegna dagskrár dómara til 12. febrúar 2026 og svo frestað á ný utan réttar til 19. mars 2026 að beiðni sækjanda.
3. Ákæruvaldið gerir sömu dómkröfur og greinir í ákæru og hið sama á við um bótakrefjanda, en við upphaf aðalmeðferðar lækkaði bótakrefjandi höfuðstól dómkröfu sinnar úr 1.800.000 krónum í 800.000 krónur. Ákærði krefst aðallega sýknu, til vara að ákvörðun refsingar verði frestað skilorðsbundið og til þrautavara krefst hann vægustu refsingar sem lög leyfa og að hún verði bundin skilorði. Þá er þess aðallega krafist að bótakröfu verði vísað frá dómi, til vara er krafist sýknu af bótakröfu og til þrautavara er krafist verulegrar lækkunar bótakröfunnar. Loks er krafist málsvarnarlauna til handa skipuðum verjanda ákærða í samræmi við tímaskýrslu, sem greiðist úr ríkissjóði.

## II

### *Málsatvik*

4. Samkvæmt frumskýrslu var lögregla kölluð út eftir miðnætti 17. júní 2022 að heimili brotþola að [...] í Kópavogi vegna yfirstaðinnar líkamsárásar. Þegar lögregla kom á vettvang var rætt við brotþola og móður hans. Kemur fram í skýrslunni að brotþoli hafi sjáanlega verið í uppnámi og átt erfitt með að tjá sig um atvikið. Kvaðst brotþoli hafa verið að gera dyraat með félögum sínum í [...] þegar þeir hefðu „dinglað“ að íbúð í [...] og svo hlaupið í burtu. Þeir félagarnir hefðu svo gengið aftur fram hjá húsinu á leið sinni heim og þá tekið eftir konu í glugganum sem sýndi þeim löngutöng og kvaðst brotþoli þá hafa bakkað og litið aftur inn um gluggann. Þessu næst hafi maður komið hlaupandi að honum aftan frá og hefði brotþoli í fyrstu haldið að þetta væri skokkari. Maðurinn hafi hins vegar tekið hann hálstaki og haldið honum þannig. Kvað brotþoli manninn hafa dregið sig í hálstaki út á sameiginlegt garðsvæði sem væri á milli íbúðanna í [...]. Þar hafi

maðurinn næst tekið um peysuna hans á bringusvæði og „tæklað“ hann niður í jörðina þannig að hann skall á bakið. Kvaðst brotaþoli ekki muna nákvæmlega eftir því hversu fast hann hefði skolið á bakið og taldi sig hafa misst meðvitund um stund eftir hálstakið. Kvaðst brotaþoli næst hafa rankað við sér þegar maðurinn hafi verið að öskra á hann liggjandi og hóta að rota hann ef hann kæmi aftur og hefði maðurinn sagt þeim að „drulla sér heim“. Hefði brotaþoli þá staðið upp, gengið sína leið með félögum sínum og farið heim til móður sinnar og skýrt henni frá atvikinu. Kvaðst brotaþoli hafa flett því upp á vefsíðunni ja.is hver maðurinn væri sem ráðist hefði á hann og kvaðst geta staðfest út frá Facebook-mynd að um væri að ræða ákærða. Í frumskýrslunni kemur fram að sjá hafi mátt áverka á hálsi brotaþola sem náðu út á axlarsvæði og niður á bringu. Sjá hafi mátt sprungnar háráðar ásamt mari sem væri að myndast á hálsi. Frumskýrslunni fylgdu þrjár ljósmyndir af áverkum á hálsi brotaþola.

5. Samkvæmt frumskýrslu fór lögregla þessu næst að [...] og handtók ákærða og kynnti honum að hann væri grunaður um líkamsárás gegn barni. Í frumskýrslunni er haft orðrétt eftir ákærða: „Ég fór út og tók í hnakkadrambið á honum.“ Jafnframt að ákærði hafi greint frá því að hafa drukkið tvo bjóra „fyrir atvikið“ og hafi svo fengið sér tvo bjóra eftir að „atvikið“ átti sér stað. Jafnframt kemur fram í skýrslunni að ákærði hafi neitað að gefa lögreglu öndunarsýni. Var ákærði fluttur á lögreglustöð og vistaður í fangaklefa.
6. Tekin var skýrsla af ákærða með réttarstöðu sakbornings eftir dvöl í fangageymslu daginn eftir, 17. júní 2022. Greindi hann frá því að hann og kona hans hefðu verið heima umrætt kvöld, hann á efri hæðinni og hún á neðri hæðinni, og allt í einu hefði komið svakalegur hávaði og „húsið hristist eins og það sé gerð árást á húsið“. Ákærði kvað sér hafa brugðið, hann hafi hrokkið við, þotið niður og farið þar í skó. Kvaðst ákærði hafa litið út um gluggann og þá séð í það minnsta einn dökklæddan strák og fundist eins og það væru fleiri þarna. Kvaðst ákærði hafa farið út að leita að þeim og lýsti leit sinni, en kvaðst ekki hafa fundið þá. Þegar hann hafi komið til baka hafi hann séð þrjá aðila fyrir utan hús sitt. Kvaðst ákærði hafa hlaupið að þeim og þeir ekki áttað sig alveg strax og hann hefði náð að grípa einn aðilann. Ákærði kvaðst hafa verið æstur og spurt hvað þeir væru að gera þarna, hann hefði verið stressaður, ekki vitað hvernig hann ætti að bregðast við og hefði skammað þá. Ákærði kvaðst líka hafa verið dálítið hræddur um að „þeir myndu ráðast á mig og eitthvað slíkt sko“ og kvaðst hafa verið með „smá kjaft við þá“ til þess að hræða þá og svo hefði hann sleppt þeim og farið inn í húsið.

7. Nánar aðspurður um hávaðann sem hann hefði heyrt kvað ákærði að það hefði verið „í rauninni bara eins og stór jarðskjálfti, það bara nötraði allt húsið“. Kvaðst ákærði hafa hugsað hvort keyrt hefði verið á húsið og greindi frá því að útidyrhurðin væri stór og öflug hurð úr tekki. Aðspurður kvaðst ákærði hafa farið út þar sem hann hefði verið ósáttur með að „ráðist sé á húsið mitt“ og lýsti því einnig að í desember eða janúar hefði drukkin maður brotið rúðu í húsinu og lögregla hefði verið kölluð til í það skipti. Aðspurður kvað ákærði markmið sitt með því að fara út hafa verið að „ná þessum aðila“ en kvaðst svo ekki hafa hugsað út í hvað hann myndi gera ef hann næði honum. Lýsti ákærði nánar að hann hefði ekki fundið þessa aðila, en þegar hann hefði komið til baka hefðu verið þrír aðilar fyrir utan húsið, tveir aðeins frá en einn hefði verið „eiginlega inni í garðinum hjá okkur“. Ákærði kvaðst hafa náð þessum sem var inni í garðinum og gripið með annarri hendinni um hann „yfir axlirnar og um hálsinn“. Hinir strákarnir hefðu hörfað aðeins frá og kvaðst ákærði hafa verið að reyna að ná þeim líka og þess vegna farið með þann sem hann náði í áttina að þeim. Þegar framburður brotþola úr frumskýrslu var borinn undir ákærða svaraði hann því játandi að hann hefði dregið brotþola í hálstaki og kvaðst hafa gert það af því að hann hefði líka verið að reyna að ná hinum strákunum. Ákærði kvaðst hafa verið að ræða við strákana og spyrja hvað þeir væru að gera við húsið hans en þeir hefðu litlu svarað og kvaðst ákærði hafa verið „einhvern veginn að hræða þá“. Þá kvaðst ákærði hafa tekið drenginn, sem hann var með í tökum, niður með því að setja fót sinn fyrir hann þannig að hann fór niður í jörðina. Ákærði kvaðst hafa fellt hann svipað og í júdó en hann hefði haldið í hann á leiðinni niður og ekki skellt honum í jörðina. Aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa gert sér grein fyrir aldri strákanna, þetta hefði gerst svo snögg. Enn fremur kvaðst ákærði aldrei hafa merkt það að brotþoli missti meðvitund og kvaðst ekki hafa séð neina áverka á honum. Ákærði kvaðst aðspurður hafa verið undir áhrifum áfengis umrætt sinn og taldi jafnframt aðspurður að hann hefði brugðist öðruvísi við ef hann hefði ekki verið undir áhrifum áfengis og sagði m.a.: „Já, eftir á að hyggja þá á maður auðvitað aldrei að beita ofbeldi á einn eða neinn hátt en þetta gerðist einhvern veginn í hasarnum ...“
8. Tekin var skýrsla af brotþola í Barnahúsi, en endurrit skýrslunnar ber ekki með sér hvenær sú skýrslutaka fór fram. Þó er ljóst af efni skýrslunnar að hún hefur farið fram eftir [...] 2022, því í skýrslunni kemur fram að brotþoli var þá nýorðinn fjórtán ára. Í skýrslunni lýsti brotþoli atvikum mjög á sama veg og haft var eftir honum í frumskýrslu lögreglu, en þó með mun nákvæmari hætti. Þá voru teknar skýrslur af vitnunum C og D

17. maí og 24. maí 2024 og enn fremur af vitninu E, sambýliskonu ákærða, þann 29. október 2024.

9. Í málinu liggur fyrir ódagsett læknisvottorð F, læknis á Heilsugæslunni [...]. Í vottorðinu kemur fram að brotaþoli hafi komið á heilsugæsluna 21. júní 2022 og hitt þar G sérnámslækni. Í vottorðinu kemur fram lýsing brotaþola á því að hann hafi verið að gera dyraat 16. júní þegar maðurinn sem bjó í húsinu hafi komið hlaupandi, tekið brotaþola hálstaki, fellt hann og „[hrist] hann hressilega“. Hafi maðurinn haldið brotaþola niðri nokkra stund og á þeim tíma hafi brotaþoli ekki getað dregið andann. Í vottorðinu kemur fram að brotaþoli neiti vanlíðan og kvíða og beri sig vel. Við skoðun á hálsi kemur fram að læknirinn greini ekki bólgu, mar, sár eða önnur áverkamerki á andliti eða hálsi en brotaþoli sé þreifiaumur yfir gagnaugasvæði hægra megin. Þá þreifi læknirinn eymsli yfir vöðvum á hálsi og væg eymsli séu yfir efstu rifjum og rifjabilum hægra megin og einnig hægra megin við brjósthrygg og eymsli séu yfir hægra herðablaði.

### III

#### *Skýrslutökur fyrir dómi*

10. Ákærði gaf skýrslu fyrir dómi og kvaðst hafa verið heima hjá sér umrætt sinn á 2. hæð hússins þegar allt í einu „hristist húsið, kemur eins og árekstur, mikill hávaði“ og kvaðst telja að sparkað hefði verið í útidyrnar. Kona hans, sem hafi verið á neðri hæð hússins, hafi öskrað og hann hafi hlaupið niður og talið að verið væri að „ráðast á húsið og brjótast inn“. Kona hans hafi tjáð honum að strákar væru að hlaupa í burtu og ákærði hefði litið út um glugga og séð stráka hlaupa í áttina að [...]. Kvaðst ákærði hafa farið í skó og hugsað með sér að hann yrði að ná þessum strákum, en um hafi verið að ræða þrjá hettuklædda aðila. Hann hefði svo farið út að leita að strákunum en ekki fundið þá og þegar hann hafi komið til baka hafi hann séð þessa þrjá aðila fyrir utan húsið sitt, þar af hafi einn þeirra verið í garðinum við húsið en hinir tveir á göngustíg um metra frá garðinum. Ákærði kvaðst hafa þótt ætla að hlaupa fram hjá strákunum en þegar hann hafi komið að þeim hafi hann gripið þann sem var í garðinum með vinstri hendi og hefði hann gripið í vinstri öxl stráksins (brotaþola), sem hafi á þessum tímapunkti snúið að ákærða. Ákærði kvaðst hafa reynt að ná líka hinum strákunum en þeir hafi forðast hann og hann hafi því gengið aðeins með brotaþola á eftir þeim og yfir á grasbala sem sé þarna á milli húsanna.
11. Þegar á grasbalann hafi verið komið hafi hann enn haldið í treyju brotaþola en nú við hægri öxl hans og hafi drengurinn þarna snúið frá ákærða. Kvaðst ákærði hafa spurt

„hvern andskotann“ þeir væru að gera þarna og viðurkenndi að hafa verið æstur. Stutt orðaskipti hefðu átt sér stað en strákarnir litlu svarað og verið „dálítið skelkaðir“ á þessum tímamarki. Ákærði kvaðst einnig hafa verið skelkaður og hræddur og fundist hann kominn „í erfiðar aðstæður“. Kvað hann brotþola hafa barist aðeins um og ákærði hafi þá snúið sér að honum og haldið í peysu brotþola sitt hvorum megin við axlir og brugðið fyrir hann fæti og lagt hann niður á grasið. Þetta hefði gerst snögg, en ákærði hefði passað sig á því að halda í brotþola og hann hefði ekki fengið þungt högg þegar hann kom niður. Ákærði kvaðst hafa kropið niður á annað hnéð við hlið brotþola og áfram verið að skamma þá þegar hann hafi skynjað að hinir tveir strákarnir komu „mjög nálægt“ honum og hafi ákærði óttast að þeir myndu ráðast á hann. Ákærði hefði því staðið upp með brotþola og farið að ræða við strákana og hafi á meðan haldið í hægri öxl brotþola sem hafi snúið baki í ákærða. Kvaðst ákærði hafa haldið í hettupeysuna, líka til þess að verja sig svo brotþoli myndi ekki „kýla mig eða eitthvað slíkt“. Svo hafi kona ákærða komið út úr húsinu og spurt hvað þetta ætti eiginlega að þýða, beðið þá um að hætta þessum hávaða og sagt: „Annað hvort hringjum við á lögregluna eða látum þá fara.“ Aðspurður kvað ákærði að kona hans hefði þarna verið að tala við þá alla fjóra. Ákærði hafi svo sleppt stráknum og þeir allir gengið í burtu.

12. Ákærði kvaðst aðspurður hafa drukkið um þrjá til fjóra bjóra í útskriftarveislu sem hann hefði farið í fyrr um daginn og hefði fundið til einhverra áfengisáhrifa, en þó ekki mikið. Aðspurður kvað ákærði húsið vera steinhús og að útidyrhurðin væri þung, tæplega tveggja tommu tekkhurð. Hefðu ekki verið neinar sjáanlegar skemmdir á hurðinni eftir atvikið. Sérstaklega aðspurður kvaðst ákærði hafa farið út að leita að strákunum þar sem um hefði verið að ræða „árás“ á hús hans. Markmið hans hefði verið að ná strákunum sem hefðu „ráðist“ á húsið en svo kvaðst ákærði ekki hafa verið búinn að hugsa út í hvað hann ætlaði að gera ef hann næði þeim. Ákærði kvaðst aðspurður hafa upplifað sig í „viðkvæmri stöðu“ þegar hann kraup við hlið brotþola og hafa talið sig í hættu þar sem hinir tveir hefðu verið „að koma að“ honum. Sérstaklega aðspurður kvaðst ákærði hafa upplifað þá ógnandi þegar „ég sé þá hlaupa að mér þar sem ég ligg niðri“ og því hafi hann staðið upp til þess að vera viss um að þeir myndu ekki „fara í mig“. Þegar ákærði var spurður hvort strákarnir hefðu sýnt honum ógnandi hegðun í orðum eða gjörðum, eða hvort þetta hafi aðeins verið tilfinning ákærða, svaraði hann: „Þetta er mín tilfinning, já. Ég upplifði hættu, þeir flýðu ekki af vettvangi, heldur voru honum til stuðnings. Ég upplifði hættu þarna þar sem ég var kominn niður á hnén og þeir hlupu að mér, já. En þeir fóru ekki í

mig.“ Kvaðst ákærði hafa sagt þeim að passa sig þar sem hann kynni MMA, og kvaðst hafa sagt þetta til þess að þeir myndu ekki fara í hann en ákærði kvað það sína „upplifun“ að honum stafaði hætta af strákunum. Aðspurður kvað ákærði að strákarnir tveir hefðu í lokin, rétt áður en kona hans kom út, beðið ákærða um að losa brotþola úr tókum og eftir að konan var komin hefðu þeir sagt ítrekað „fyrirgefðu, fyrirgefðu“.

13. Sérstaklega aðspurður kvaðst ákærði ekki hafa séð áverka á brotþola og ekki hafa orðið var við það á neinum tímamarki að hann missti meðvitund eða dytti út. Ákærði kvaðst ekki telja að takið sem hann hafi verið með yfir öxlina á brotþola hafi verið hálstak, en kvaðst hafa gengið með hann þannig áfram í áttina að hinum strákunum. Sagði ákærði að mögulega, og jafnvel mjög líklega, hefði peysa brotþola teygst og þrengt að hálsi hans á meðan hann gekk með hann á eftir strákunum. Ákærði hafi hins vegar ekki verið að hugsa um það á þeim tímamarki heldur hafi hann aðeins verið að hugsa um að „ná honum og grípa þessa stráka“. Sérstaklega aðspurður kvaðst ákærði hafa talið að strákarnir „ætluðu að ráðast aftur á húsið“ þar sem þeir voru aftur komnir fyrir framan húsið. Ákærði kvaðst aðspurður hafa upplifað ótta hjá drengjunum í lokin þegar þeir báðust fyrirgefningar og kvaðst finnast þetta mjög leiðinlegt, hann hafi „ekki hugsað um annað síðan“ og kvaðst „iðrast algjörlega“ gjörða sinna.
14. *Brotþoli* kvaðst umrætt sinn hafa verið að leika sér með félögum sínum, vitnunum C og D og þeir hafi ákveðið að gera dyraat. Þeir hafi bankað eða sparkað í hurðina og svo hlaupið í burtu. Hafi þeir svo gengið aftur fram hjá húsinu nokkru síðar á leið sinni heim og þá séð konu gefa þeim „fokkmerki“ í glugganum og hefðu þeir þá stoppað aðeins fyrir utan húsið, en ekki farið aftur að hurðinni í það skipti. Í þann mund hafi komið að maður sem brotþoli hafi bara haldið að væri úti að skokka, en maðurinn hafi svo tekið brotþola hálstaki aftan frá, fellt hann niður og hótað þeim og sagt þeim að koma þarna aldrei aftur og sleppt þeim að svo búnu. Aðspurður kvaðst brotþoli hafa verið sá sem bankaði á hurðina og kvaðst telja að þetta hefðu verið tvö högg og þau hefðu ekki verið létt. Kvaðst brotþoli ekki muna hvort hann hefði einnig sparkað í hurðina en það gæti þó vel verið. Kvað hann ekkert hafa sést á hurðinni eftir þetta. Aðspurður kvað brotþoli að þeir hefðu ekki farið aftur að hurðinni í seinna skiptið heldur hefðu þeir staðið til hliðar framan við húsið og hefði hann verið nær húsinu en hinir strákarnir. Brotþoli lýsti því nánar fyrir dóminum hvar þeir hefðu staðið og benti á hvar þeir stóðu á yfirlitsmynd af vettvangi.
15. Beðinn um að lýsa því nánar hvernig ákærði hefði tekið hann hálstaki lýsti brotþoli því að ákærði hefði tekið utan um brotþola með hægri hendi og sýndi að ákærði hefði tekið

utan um brotaþola þannig að háls brotaþola hefði verið í olnbogabót ákærða. Kvað hann ákærða hafa haft sig í því taki í nokkurn tíma og á sama tíma verið að reyna að ná í hina strákana. Kvaðst brotaþoli hafa misst andann í um fimm sekúndur og hefði verið feginn þegar ákærði sleppti takinu því þá hefði hann getað andað. Sérstaklega aðspurður kvaðst brotaþoli ekki muna hvort ákærði hefði dregið hann áfram þegar hann var að reyna að ná í hina strákana. Þá kvað hann aðspurður að tak ákærða á hálsinum hefði herst smám saman en svo hefði hann sleppt takinu. Enn fremur kvaðst brotaþoli aðspurður ekki muna hvort hann hefði misst meðvitund.

16. Eftir að ákærði sleppti hálstakinu kvað brotaþoli ákærða hafa gripið í peysu brotaþola að framanverðu, sett „löppina fyrir og heldur mér niðri og öskrar eitthvað á mig“. Hefði ákærði þannig fellt hann og sett hann niður í grasið og kvaðst brotaþoli hafa lent á bakinu. Kvaðst brotaþoli hafa verið „skíthræddur“ á meðan á þessu stóð og allan tímann verið að hugsa um hvernig hann gæti komið sér út úr þessu og verið að reyna að sleppa. Aðspurður kvaðst hann halda að hann hefði beðið ákærða um að sleppa sér og kvað vini sína hafa sagt ítrekað „sorrý, sorrý“ og verið að reyna að fá ákærða til að sleppa brotaþola. Hefðu vinirnir staðið um tvo metra frá þeim ákærða og séð þetta allt mjög vel þar sem ekkert hefði byrgt þeim sýn. Sérstaklega aðspurður kvaðst brotaþoli aldrei hafa getað farið í burtu á meðan á þessu öllu stóð þar sem ákærði hefði haldið í peysuna og haldið honum niðri. Brotaþoli hefði því ekki getað farið þótt ákærði hefði sleppt hálstakinu.
17. Brotaþoli kvaðst hafa verið með „fullt af klórförum eða sárum á hálsinum og alveg yfir axlasvæðið“ eftir atlögu ákærða en kvaðst ekki muna það nákvæmlega þar sem svo langt væri um liðið. Þá kvað hann föður sinn hafa tekið myndir af áverkunum og staðfesti að myndir sem fylgja frumskýrslu málsins væru myndirnar sem faðir hans hefði tekið. Þá kvaðst brotaþoli hafa farið til læknis um viku eftir atvikið og kvað ástæðu þess að hann hefði ekki farið fyrr vera þá að hann fór í sumarbústað með fjölskyldu sinni daginn eftir atvikið. Hann hefði svo farið til læknis þegar þau komu til baka. Brotaþoli kvað sér hafa liðið illa fyrst eftir atvikið og kvaðst líða illa þegar eitthvað kæmi upp sem minnti hann á það.
18. Brotaþoli kvaðst aðspurður aldrei hafa verið ógnandi við ákærða enda hefði hann verið í „óþægilegri stöðu“. Þá hefðu hinir strákarnir ekki heldur verið ógnandi við ákærða heldur hefðu þeir verið að biðja hann um að hætta og hefðu verið að segja „sorrý“. Kvað hann ákærða hafa verið „agressífan“, öskrandi og með hótandi rödd. Aðspurður um tilganginn með dyraatinu kvað hann þá bara hafa verið í einhverju „flippi“ að hafa gaman og finna

fyrir spennu. Kvaðst brotapolí hafa vitað að verið gæti að einhver opnaði hurðina og yrði pirraður en þeir hafi ekki ætlað að gera neinn reiðan eða hræddan. Brotapolí kvaðst ekki hafa ætlað að gera dyraat á ný þegar þeir komu til baka á leið sinni heim, heldur hefðu þeir aðeins stoppað vegna þess að þeir sáu konuna í glugganum gefa þeim „fokkmerki“. Kvaðst hann telja að þeir hafi verið um tvo metra frá tröppunum sem liggja að útidyrnunum þegar ákærði kom að þeim og hafi brotapolí verið nær húsinu en hinir strákarnir.

19. *Vitnið C* greindi frá því að hann hefði umrætt sinn verið með brotapolá og vitninu D að gera dyraat og hefðu þeir skipst á að gera það. Kvað vitnið sig minna að brotapolí hefði gert dyraatið heima hjá ákærða en kvaðst ekki muna hve oft hann hefði barið á hurðina og kvaðst aðspurður ekki muna hvort það hefði heyrst mikill hávaði en það hefði verið „nóg til að heyra“. Þeir hefðu svo farið í burtu og séð konu vera að „flippa á okkur í glugganum“ og til að útskýra nánar hvað hann ætti við með því sýndi vitnið löngutöng. Þeir hefðu hugsað með sér hvort þeir ættu að fara og banka aftur og hefðu þá séð manninn hlaupa á gangstígnum, en ekki veitt honum sérstaka athygli. Maðurinn hefði svo beygt að þeim og náð brotapolá og haldið honum í „kyrkju“ en hann hefði einnig verið að reyna að ná þeim D á sama tíma. Hefði maðurinn öskrað á þá, sagt að hann æfði MMA og spurt þá um heimilisföng sín.
20. Sérstaklega aðspurður kvað vitnið konuna hafa sýnt þeim löngutöngina í glugganum þegar þeir voru að fara í burtu eftir dyraatið. Vitnið lýsti því nánar að ákærði hefði tekið brotapolá í hálstak og sýndi vitnið dóminum hvernig ákærði hefði verið með brotapolá í olnbogabótinni og sagði til skýringar að það hefði verið vegna þess að brotapolí „var lítill þarna“. Kvað hann ákærða hafa lyft brotapolá upp og verið að „sveifla“ honum, en brotapolí hefði þó ekki verið langt frá jörðu. Á meðan ákærði var með brotapolá í hálstakinu hefði hann verið að reyna að ná í vitnið og D og alltaf komið nær og nær þeim, en þeir hafi alltaf hörfað lengra í burtu. Kvaðst vitnið telja að brotapolí hafi losnað úr hálstakinu þegar maðurinn setti hann í jörðina. Beðinn um að lýsa nánar hvernig hann hefði gert það kvað vitnið ákærða hafa sett fót sinn „fyrir framan“ fætur brotapolá og þannig sett hann niður „frekar gróflega“ en hann hefði haldið í hann á meðan. Kvaðst vitnið hafa séð atvikið mjög vel, hann hefði ásamt D verið aðeins frá en ákærði hefði sífellt verið að koma nær þeim þannig að hann hefði séð vel það sem gerðist.
21. Aðspurður kvað vitnið sér hafa liðið mjög illa á meðan á þessu stóð. Hann hafi verið hræddur og í sjokki og ekki getað sagt neitt. Þá kvaðst vitnið aldrei hafa verið ógnandi við ákærða og það hefðu brotapolí og vitnið D ekki heldur verið. Vitnið kvaðst hafa séð

eftir atvikið að brotþoli var rauður um allan hálsinn. Aðspurður kvað vitnið engan sérstakan tilgang hafa verið með dyraatinu annan en að hafa gaman og upplifa „smá adrenalín og hlaupa í burtu“. Það hefði ekki verið tilgangur að reyna að fá einhvern til að hlaupa út. Sérstaklega aðspurður um hvort þeir hefðu ætlað að gera aftur dyraat þarna þegar þeir komu þar öðru sinni svaraði vitnið því játandi, en kvaðst ekki hafa verið með í því, heldur hefðu það verið brotþoli og vitnið D. Hefðu þeir talað um að gera eitt dyraat enn hjá „konunni sem gaf fukkmerkið“ en þeir hefðu samt ekkert rætt þetta mikið.

22. *Vitnið D* kvaðst umrætt sinn hafa verið með brotþola og vitninu C og hefðu þeir ákveðið að fara í [...] að gera dyraat. Þeir hafi komið að umræddu húsi og þar taldi hann að brotþoli hefði farið og bankað og þeir svo hlaupið í burtu. Þeir hefðu svo tekið „eitt eða tvö hús í viðbót“ og verið á leiðinni heim þegar þeir hafi séð konuna gefa þeim „fukkmerki“ út um gluggann. Vitnið kvað þá þrjá hafa gengið áfram en svo hafi maður komið hlaupandi úr sömu átt og þeir komu úr. Maðurinn hafi náð brotþola og tekið hann hálstaki og farið að öskra eitthvað sem hann hefði ekki heyrt vel, en m.a. hefði hann spurt hvar þeir ættu heima. Vitnið sagði að þeir hefðu reynt að fá manninn til þess að sleppa brotþola og kallað á hann að sleppa takinu, en maðurinn hafi ekki gert það heldur reynt að ná vitninu með annarri hendi sem ekki hafi tekist. Á endanum hafi maðurinn svo sleppt brotþola og þeir þrír hlaupið í burtu og farið heim.
23. Vitnið lýsti dyraatinu á þann veg að um hefði verið að ræða „tvö harkaleg bönk“ og aðspurður kvað hann ekki hafa orðið meiri læti við þetta en í hinum húsunum sem þeir bönguðu á. Vitnið var beðinn um að lýsa hvar þeir hefðu verið þegar þeir komu til baka og maðurinn kom hlaupandi. Kvað vitnið að þeir hefðu gengið á göngustíg sem liggur meðfram húsinu og þar í glugga á hlið hússins hafi þeir séð konuna sem gaf þeim „fukkmerki“. Þeir hafi gengið áfram og verið komnir fyrir framan húsið þegar maðurinn hafi komið hlaupandi og þeir hafi haldið að maðurinn væri bara að skokka, en þá hafi hann tekið brotþola hálstaki og þeir þá áttað sig á því að um væri að ræða mann sem byggir í húsinu sem þeir voru við. Vitnið benti á staðsetningu þeirra á yfirlitsmynd af vettvangi sem er á meðal gagna málsins og benti vitnið á stað fyrir framan tvær hvítar bifreiðar sem sjást á yfirlitsmyndinni.
24. Vitnið kvaðst aðspurður ekki muna nákvæmlega hvernig brotþoli var tekinn hálstaki þar sem svo langt væri síðan, en maðurinn hafi staðið fyrir aftan brotþola og verið að „toga hann“ þannig að brotþoli hafi ekki getað staðið í fæturna. Kvað hann manninn hafa haft brotþola í hálstaki með annarri hendi á meðan hann var að reyna að ná í vitnið og vitnið

C með hinni hendinni. Þegar borið var undir vitnið það sem haft er eftir honum í lögregluskýrslu staðfesti vitnið að það væri rétt eftir sér haft, m.a. að maðurinn hefði tekið brotþola hálstaki með því að setja hann í olnbogabótina. Vitnið kvaðst ekki muna hvernig maðurinn slepti brotþola, sem hafi verið að verða fjólublár í framan, og kvaðst ekki heldur muna hversu lengi þetta stóð. Þá kvaðst vitnið ekki muna eftir brotþola á jörðinni, en sagði að hann hefði þó ekki verið „alveg standandi“ á meðan maðurinn var með hann í hálstaki. Enn fremur kvaðst vitnið ekki muna hvort maðurinn hefði fellt brotþola, en kvaðst hafa séð atvikið vel, hann hafi verið um tveimur til þremur metrum frá og ekkert hefði byrgt honum sýn.

25. Aðspurður sagði vitnið að hann og félagar hans tveir hefðu aldrei verið ógnandi við ákærða. Þeir hefðu bara bankað og hlaupið í burtu, en svo hefði ákærði komið og ógnað þeim. Hefðu þeir beðið ákærða ítrekað um að hætta og að sleppa brotþola úr hálstakinu. Þá kvað hann brotþola hafa átt erfitt með að anda í lokin þegar hann hafi verið orðinn fjólublár. Aðspurður kvaðst vitnið ekki muna hvort hann hefði skoðað áverka á brotþola eftir atvikið en hann hefði svo fengið mynd senda þar sem hafi mátt sjá að brotþoli var rauður á hálsinum. Þá kvaðst hann aðspurður hafa verið hræddur á meðan á þessu stóð.
26. Sérstaklega aðspurður kvað vitnið þá félagana ekki hafa stoppað þegar þeir sáu konuna gefa þeim „fokkmerkið“ í glugganum heldur hefðu þeir haldið áfram að ganga og ekki stoppað fyrir en ákærði náði brotþola og tók hann hálstaki. Sérstaklega aðspurður neitaði vitnið að þeir hefðu ætlað að gera annað dyraat í þessu húsi, þeir hefðu bara verið á leiðinni heim. Kvað hann framburð vitnisins C þar að lútandi ekki vera réttan, því þeir hefðu verið að ganga til baka og verið á leiðinni heim.
27. *Vitnið E, sambýliskona ákærða*, kaus að gefa skýrslu fyrir dóminum. Kvaðst hún hafa verið á neðri hæð íbúðarinnar að horfa á sjónvarp en ákærði hefði verið uppi á efri hæðinni. Vitnið kvaðst hafa séð einhvern útundan sér á stéttinni fyrir framan útidyrhurðina og svo hafi komið „þetta rosalega högg“ og einhver hafi þotið í burtu. Hefði vitninu krossbrugðið því hávaðinn hefði verið svo mikill og kvaðst hún hafa rekið upp gól. Vitnið hefði gengið inn í eldhús og séð „þá þrjá“ ganga í burtu á göngustígnum. Ákærði hefði komið niður, spurt hvað hefði eiginlega gerst og farið í skó og út. Kvaðst vitnið ekki hafa fylgst meira með því og á þeim tímapunkti hefði hún ekki séð strákana.
28. Stuttu síðar kvaðst vitnið hafa séð strákana þrjá koma til baka, þeir hefðu séð hana í eldhúsglugganum og „glottu framan í mig“. Kvaðst vitnið hafa orðið svo reið þar sem henni hefði fundist þeir „svo óforskammaðir að koma aftur að ég gaf þeim puttann“. Svo hafi

þeir horfið og hún hafi ekki séð þegar ákærði kom. Kvaðst vitnið hafa farið inn í stofu þar sem hún sjái vel út um stofugluggann sem sé á sömu hlið hússins og útidyrhurðin. Þá hafi hún séð að ákærði var búinn að ná einum stráknum sem hafi verið dökkhærður og dökkklæddur og þeir „[verið] að takast eitthvað á“. Um hafi verið að ræða „eitthvað tog þarna í gangi á stéttinni“ og svo áfram í almenningnum fyrir framan húsið („í U-inu“). Kvaðst vitnið hafa ákveðið að fara út og stoppa þetta. Þegar hún hefði komið út hefði enginn legið í jörðinni, það hafi hún aldrei séð og tók fram að „hann stóð alveg í fæturna“. Vitnið kvaðst hafa sagt: „Heyriði, hættið þessu nú og ég hefði bara betur hringt í lögregluna á ykkur“. Aðspurð kvaðst vitnið hafa beint orðum sínum að ákærða og stráknum þegar hún sagði þeim að hætta, enda hefðu það verið þeir sem tókust á. Svo hefðu strákarnir farið í burtu.

29. Aðspurð kvaðst vitnið ekki hafa séð hálstak, heldur hefði ákærði tekið í öxlina á stráknum og strákurinn verið að brjótast um til þess að losna. Kvaðst vitnið halda að ákærði hefði þá staðið á ská fyrir aftan strákinn. Aðspurð kvað hún ákærða hafa ætlað að tala líka við hina strákana á meðan hann hélt enn „í öxlina á stráknum“ og þannig „[farið] áfram“ en hinir strákarnir hefðu hlaupið í burtu. Vitnið kvaðst ekki hafa séð ákærða fella strákinn í jörðina. Aðspurð kvaðst vitnið ekki hafa séð strákinn veitast að ákærða, heldur hefði ákærði haldið í strákinn og þeir hefðu verið „að takast á“. Kvaðst vitnið ekki hafa séð hvað gerðist á þeim tíma sem það tók hana að ganga frá stofuglugganum og út að hurðinni, en þegar hún hafi komið út hafi hún séð að ákærði hélt stráknum, sem hafi verið að reyna að komast í burtu. Þá kvaðst vitnið ekki heldur hafa séð hvað gerðist milli þess sem „ég gaf þeim puttann og þar til ég sá í stofuglugganum að [ákærði] var búinn að ná honum“.
30. Sérstaklega aðspurð kvað vitnið ákærða hafa verið búinn að drekka um þrjá bjóra í útskriftarveislu fyrr um daginn og svo hefði ákærði drukkið eitthvað eftir að heim var komið, fyrir atvikið. Kvaðst vitnið ekki vita hversu mikið ákærði hefði drukkið þá, þar sem hann hefði verið á efri hæðinni og hún ekki fylgst með því, en hún kvað ákærða hafa verið undir áhrifum. Aðspurð kvað vitnið sér hafa verið mjög brugðið við þetta og lengi á eftir hafi hún verið óörugg ef einhver barði að dyrum. Hafi henni fundist vegið að „okkar friðhelgi á okkar heimili“.
31. *Lögreglumaður H* gaf skýrslu fyrir dómi og staðfesti frumskýrslu sem hún ritaði. Vitnið kvaðst muna eftir að hafa séð áverka á hálsi brotaþola þegar hún fór á heimili hans sama kvöld. Jafnframt hefði faðir drengsins verið búinn að taka ljósmyndir af áverkunum, sem hann kom til lögreglu og fylgdu þær frumskýrslunni. Vitnið kvaðst sérstaklega aðspurð

ekki geta staðfest hvort brotaþoli hafi notað orðið að „dingla“ þegar hann lýsti dyraatinu fyrir lögreglu, en taldi það þó líklegt úr því að það stendur í frumskýrslunni.

32. *G lækni* greindi frá því að hún hefði skoðað brotaþola á Heilsugæslunni [...] 21. júní 2022, en annar lækni hefði skrifað vottorðið eftir sjúkránótum sem vitnið skrifaði. Kvað lækni­rinn enga sjáanlega áverka hafa verið á brotaþola við skoðunina en í vottorðinu sé lýst þreif­ieymslum, m.a. yfir háls­vöðvum og niður á herðar. Aðspurð kvað lækni­rinn mjög einstaklings­bundið hversu lengi mar eða sár séu að gróa og kvað punkt­blæðingar geta gróið á fjórum dögum. Lækni­num voru sýndar ljósmyndirnar af áverkum brotaþola sem fylgdu frumskýrslunni og kvaðst hún ekki geta staðfest að um punkt­blæðingar væri að ræða þar sem myndirnar væru ekki nógu skýrar til að greina það. Sérstaklega aðspurð kvað hún áverkana sem sjást á ljósmyndunum geta samrýmst þeirri sögu sem brotaþoli gaf við skoðunina, en kvaðst eiga erfitt með að svara hvort umræddir áverkar gætu horfið á fjórum dögum. Þá kvaðst vitnið ekki geta svarað því af eða á hvort svona áverkar geti myndast við peysutog.

#### IV

##### *Niðurstæða*

33. Ákærða er gefið að sök að hafa á þeim stað og tíma sem greinir í ákæru veist með ofbeldi að brotaþola, tekið hann hálstaki með því að setja handlegginn utan um framanverðan háls brotaþola, dregið hann áfram og hert að hálsi hans og í kjölfarið fellt hann svo að hann lenti á bakinu með þeim afleiðingum sem nánar er lýst í ákæru. Er ákærða jafnframt gefið að sök að hafa með þessari háttsemi sýnt brotaþola yfirgang og ruddalegt athæfi auk ógnandi og vanvirðandi framkomu. Tímasetning framangreinds atviks er í ákærunni tilgreint sem föstudagurinn 17. júní 2022. Frumskýrsla lögreglu er enn fremur dagsett 17. júní 2022 en í reit fyrir dagsetningu og tímasetningu meints brots er skráður tíminn kl. 00:40. Er því ljóst samkvæmt frumskýrslunni og öðrum gögnum málsins að sú háttsemi sem ákært er fyrir hefur átt sér stað að kvöldi 16. júní 2022, en ekki 17. júní það ár. Verður þó ekki talið að vörn ákærða hafi verið áfátt vegna þessa, en um aukaatriði brots er að ræða, sbr. 1. mgr. 180. gr. laga nr. 88/2008. Er háttsemin í ákæru talin varða við 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2022.
34. Ákærði neitar því að hafa gerst sekur um þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Kemur þá til úrlausnar hvort ákæruvaldið hafi axlað þá sönnunarbyrði sem á því hvílir

samkvæmt 108. gr. laga nr. 88/2008. Við sönnunarmatið þarf að gæta þeirrar meginreglu sem kemur fram í 1. mgr. 109. gr. sömu laga, en samkvæmt henni metur dómari hvort nægileg sönnun, sem ekki verði vefngd með skynsamlegum rökum, sé komin fram um hvert það atriði er varðar sekt og ákvörðun viðurlaga við broti, þar á meðal hvaða sönnunargildi skýrslur ákærða hafi, vitnisburðir, mats- og skoðunargjörðir, skjöl og önnur sýnileg sönnunargögn. Samkvæmt 115. gr. laga nr. 88/2008 metur dómari sönnunargildi framburðar ákærða fyrir dómi, þar á meðal trúverðugleika hans, við úrlausn máls. Samkvæmt ákvæðinu skal í því sambandi m.a. huga að ástandi og hegðun ákærða við skýrslugjöf og stöðugleika í frásögn hans. Samkvæmt 126. gr. sömu laga metur dómari sönnunargildi vitnisburðar við úrlausn máls og skal í því sambandi huga að afstöðu vitnis til ákærða og eftir atvikum brotþola, hagsmunum þess af málsúrslitum, þroska þess, áreiðanleika skynjunar þess á atvikum, minni, ástandi og hegðun þess við skýrslugjöf, öryggi þess og skýrleika í svörum og samræmi í frásögn. Ber þannig við úrlausn málsins að leggja mat á innra samræmi framburða ákærða og vitna, bæði fyrir dómi og hjá lögreglu, með tilliti til þess hvort mótsagna gæti í frásögn, auk þess sem leggja þarf mat á ytra samræmi framburðar í ljósi annarra sönnunargagna. Þá skal dómur reistur á sönnunargögnum sem færð eru fram fyrir dómi, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga nr. 88/2008.

35. Hér að framan hafa málsatvik verið rakin nokkuð ítarlega, sem og framburðir ákærða og vitna fyrir dómi, auk þess sem rakinn er framburður ákærða hjá lögreglu. Eins og að framan greinir liggur nokkuð skýrt fyrir að brotþoli fór ásamt félögum sínum, vitnunum C og D, að húsi ákærða umrætt kvöld og gerðu þar dyraat með því að brotþoli annað hvort bankaði eða sparkaði í útidyrhurðina. Jafnframt er óumdeilt í málinu að strákarnir fóru í burtu, ákærði fór út að leita að þeim og sá þá svo fyrir utan hús sitt þegar hann kom til baka. Ákærða og strákunum ber hins vegar ekki fyllilega saman um það sem gerðist fyrir utan húsið umrætt sinn.
36. Fyrir dómi kvaðst ákærði hafa náð brotþola með því að grípa í vinstri öxl hans með vinstri hendi sinni og að brotþoli hefði á þessum tímapunkti snúið að honum. Í skýrslu sinni hjá lögreglu kvaðst ákærði hins vegar hafa náð brotþola og gripið með annari hendinni um hann „yfir axlirnar og um hálsinn“. Jafnframt svaraði ákærði því játandi hjá lögreglu að hann hefði dregið brotþola „í hálstaki“ eins og haft er eftir brotþola í frumskýrslunni. Samkvæmt þessu er ekki samræmi hvað þetta varðar milli framburðar ákærða hjá lögreglu og fyrir dómi og þykir breyttur framburður hans fyrir dómi ekki vera trúverðugur og þykir bera þess merki að hann sé að reyna að fegra sinn hlut. Þannig er að mati

dómsins verulega ótrúverðugt að ákærði hafi gripið með sinni vinstri hendi í vinstri öxl brotaþola ef sá síðarnefndi á að hafa snúið að ákærða þegar hann greip í hann. Þetta ósamræmi rýrir sönnunargildi framburðar ákærða fyrir dómi. Ákærði bar einnig um það fyrir dómi að hann hefði, á meðan hann hélt í brotaþola, verið að reyna að ná í hina strákana tvo og þannig fært sig nær þeim haldandi í brotaþola. Enn fremur að hann hafi svo tekið í peysu brotaþola, brugðið fyrir hann fæti og „lagt hann niður á grasið“ og haldið í hann um leið svo hann fengi ekki þungt högg þegar hann kom niður. Viðurkenndi ákærði fyrir dómi að hafa verið æstur og undir einhverjum áhrifum áfengis er atvikið átti sér stað.

37. Framburður brotaþola hefur á hinn bóginn verið stöðugur í gegnum meðferð málsins um allt sem máli skiptir og er ekkert fram komið að mati dómsins sem rýrir trúverðugleika hans hvað varðar atvik þegar ætluð líkamsárás átti sér stað. Þó mundi brotaþoli ekki fyrir dómi hvort ákærði hefði dregið hann áfram í hálstakinu þegar ákærði var að reyna að ná í hina strákana, eins og haft er eftir honum í frumskýrslu lögreglu og kom einnig fram í skýrslu brotaþola í Barnahúsi við rannsókn málsins. Ber þetta að mati dómsins ekki vott um annað en að brotaþoli hafi sýnt varfærni í framburði sínum fyrir dómi og ekki viljað fullyrða um annað en það sem hann mundi vel. Ber í því sambandi að hafa í huga að tæp fjögur ár eru liðin frá atvikum og brotaþoli var einungis 13 ára þegar þau áttu sér stað. Brotaþoli lýsti því hins vegar fyrir dómi hvernig ákærði hefði sett fótinn fyrir hann, fellt hann og lagt hann niður í grasið, sem er í raun í fullu samræmi við framburð ákærða. Þá bar brotaþoli einnig um það fyrir dómi að tak ákærða á hálsi hans hefði herst smám saman áður en hann sleppti honum úr hálstakinu.
38. Framburður brotaþola fær stoð í framburðum vitnanna C og D fyrir dómi en þeir greindu báðir frá því að ákærði hefði tekið brotaþola hálstaki þannig að háls hans hefði verið í olnbogabót ákærða. Enn fremur að ákærði hafi verið að reyna að ná í þá líka og alltaf fært sig nær og nær þeim með brotaþola í hálstakinu. Þykir það einnig vera í samræmi við framburð ákærða hjá lögreglu um að hann hafi tekið með hendi sinni yfir axlir og um háls brotaþola og verið að færa sig í átt að strákunum til að ná þeim einnig. Um hið síðar nefnda bar ákærði einnig fyrir dómi, en þá þannig að hann hefði aðeins haldið í brotaþola en ekki verið með hann í hálstaki, en dómurinn telur þetta ósamræmi rýra sönnunargildi framburðar ákærða hvað þetta varðar, eins og að framan er rakið. Framburður brotaþola og vitnanna C og D er að mati dómsins trúverðugur og samhljóða um allt sem hefur þýðingu í málinu. Þá þykir ekkert komið fram sem bendir til þess að þeir hafi samræmt

framburði sína við meðferð málsins hjá lögreglu eða fyrir dómi, eða annað sem geti rýrt sönnunargildi framburðar þeirra.

39. Að álitni dómsins hefur framangreind frásögn brotþola um háttsemi ákærða einnig nokkra stoð í vottorði læknis, m.a. um eymsli yfir vöðvum á hálsi og niður á herðar, en einnig í þeim þremur ljósmyndum sem fylgdu frumskýrslu lögreglu og voru teknar sama kvöld og atvikið gerðist, svo og í vætti lögreglumanns sem hitti brotþola á heimili hans skömmu eftir atvikið.
40. Í skýrslu sinni fyrir dómi lýsti sambýliskona ákærða ekki hálstaki heldur er framburður hennar, svo langt sem hann nær, nokkurn veginn í samræmi við framburð ákærða fyrir dómi, a.m.k. um það hvernig ákærði tók í brotþola. Í því sambandi ber að líta til þess að hún sá ekki alla atburðarásina frá upphafi til enda og enn fremur verður að hafa í huga tengsl hennar við ákærða þegar trúverðugleiki framburðar hennar er metinn. Þykja þau tengsl, ásamt því að hún varð ekki vitni að allri atburðarásinni, rýra sönnunargildi framburðar hennar og verður hann því ekki lagður til grundvallar við úrlausn málsins.
41. Að öllu framangreindu virtu verður trúverðug frásögn brotþola um valdbeitingu ákærða lögð til grundvallar við úrlausn málsins. Þykir þannig vera nægilega sannað þannig að hafið sé yfir skynsamlegan vafa að ákærði hafi veist með ofbeldi að brotþola með þeim hætti og þeim afleiðingum sem lýst er í ákæru. Þótt brotþoli hafi sjálfur ekki borið um það fyrir dómi að ákærði hafi dregið hann áfram, heldur aðeins á rannsóknarstigi, þykir einnig vera komin fram lögfull sönnun um þennan þátt verknaðarlýsingarinnar með vísan til framburðar ákærða sjálfs um þetta efni, en hann kvaðst hafa verið að reyna að ná hinum strákunum á meðan hann hélt í brotþola og gekk með hann á eftir þeim. Verður þessi framburður ákærða ekki skilinn á annan veg en að hann hafi „dregið [brotþola] áfram“ og þetta fær einnig stoð í samhljóða framburðum vitnanna C og D fyrir dómi.
42. Í þeirri háttsemi sem telst sönnuð samkvæmt framansögðu fólst valdbeiting sem varðar refsingu samkvæmt 1. mgr. 217. gr. almennra hegningarlaga og að mati dómsins hefur verið sýnt fram á að ákærði hafi haft ásetning til verksins. Með háttseminni sýndi ákærði brotþola auk þess yfirgang og ruddalegt athæfi sem og ógnandi og vanvirðandi framkomu sem refsiverð er samkvæmt 1. og 3. mgr. 99. gr. barnaverndarlaga. Gat sú hegðun brotþola að gera dyraat á heimili ákærða á engan hátt réttlætt þá valdbeitingu sem hann beitti brotþola. Fer því fjarri að skilyrði 12. gr. almennra hegningarlaga um neyðarvörn hafi verið uppfyllt, svo sem byggt er á af hálfu ákærða, hvort heldur sem brotþoli og félagar hans hugðust gera annað dyraat eða ekki, en ekkert liggur fyrir í málinu um að svo

hafi verið annað en framburður vitnisins C. Að mati dómsins er fráleitur sá málatilbúnaður ákærða að honum hafi stafað nokkur ógn af brotþola og vinum hans, sem allir voru 13 ára þegar atvikið átti sér stað. Þá hafa þeir allir borið um það fyrir dómi að þeir hafi ítrekað beðið ákærða afsökunar á dyraatinu og beðið hann um að sleppa brotþola. Fellst dómurinn því ekki á þann málatilbúnað að háttsemi ákærða hafi verið nauðsynleg til að verjast eða afstýra ólögumtri árás sem sé byrjuð eða vofi yfir.

43. Að öllu framangreindu virtu verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi sem ákært er fyrir og er rétt heimfærð til refsíákvæða í ákæru.

#### *Ákvörðun refsingar*

44. Ákærði er fæddur í [...]. Samkvæmt sakavottorði, dags. 23. apríl 2025, sem enn er óbreytt, hefur ákærði ekki áður gerst sekur um refsiverða háttsemi. Við ákvörðun refsingar ber m.a. að horfa til þess að atлага hans beindist að 13 ára barni að viðstöddum tveimur öðrum 13 ára drengjum. Að þessu virtu og í ljósi alvarleika háttseminnar verður litið til 1. t.l. 1. mgr. og 4. mgr. 70. gr. almennra hegningarlaga. Á hinn bóginn þykir mega horfa til hreins sakaferils ákærða og að meðferð málsins hefur dregist, bæði á rannsóknarstigi og fyrir dómi, og verður ákærða ekki kennt um þann drátt. Þykir refsing ákærða hæfilega ákveðin fangelsi í 30 daga, sem bundin verður skilorði með þeim hætti sem greinir í dómsorði.

#### *Einkaréttarkrafa*

45. Við aðalmeðferð málsins lækkaði brotþoli miskabótakröfu sína þannig að hann krefst þess að ákærða verði gert að greiða honum 800.000 krónur í miskabætur ásamt vöxtum eins og greinir í ákæru. Þá er þess krafist að réttargæslumanni verið dæmd hæfileg þóknun í samræmi við tímaskýrslu.
46. Brotþoli á rétt til miskabóta úr hendi ákærða á grundvelli a-liðar 1. mgr. 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Við mat á miskabótum er horft til þess að ekki hlutust alvarlegar líkamlegar afleiðingar af atlögu ákærða. Enn fremur að þótt ekki liggi fyrir gögn um andlegar afleiðingar árásarinnar eru brot sem þessi almennt til þess fallin að valda brotþola, sem var barn að aldri, miska. Að þessu virtu, og atvikum máls að öðru leyti, þykja miskabætur til handa brotþola hæfilega ákvarðaðar 300.000 krónur. Um vexti og dráttarvexti fer svo sem í dómsorði segir, en bótakrafan var sannanlega birt ákærða við þingfestingu málsins, 28. maí 2025.

### *Sakarkostnaður*

47. Í samræmi við málsúrslit og með vísan til 235. gr., sbr. 233. gr., laga nr. 88/2008 verður ákærði dæmdur til greiðslu alls sakarkostnaðar. Þannig greiði ákærði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga Freys Ágústssonar lögmanns, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Lilju Margrétar Olsen lögmanns, eins og nánar greinir í dómsorði. Við ákvörðun málsvarnarlauna og þóknunar réttargæslumanns hefur verið tekið tillit til virðisaukaskatts. Ekki leiddi annan sakarkostnað af rekstri málsins.
48. Af hálfu ákæruvaldsins flutti málið Kristín Einarsdóttir aðstoðarsaksóknari.
49. Guðrún Sesselja Arnardóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

### **Dómsorð:**

Ákærði, Ricardo Mario Villalobos, sæti fangelsi í 30 daga, en fresta skal fullnustu refsingarinnar og falli hún niður að liðnum tveimur árum frá uppkvaðningu dóms þessa haldi ákærði almennt skilorð 57. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Ákærði greiði brotaþola, A, 300.000 krónur í miskabætur, auk vaxta skv. 1. mgr. 8. gr. laga um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001 frá 17. júní 2022 til 28. júní 2025, en með dráttarvöxtum skv. 9. gr., sbr. 1. mgr. 6. gr., sömu laga frá þeim degi til greiðsludags.

Ákærði greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Inga Freys Ágústssonar lögmanns, 1.377.600 krónur, og þóknun skipaðs réttargæslumanns brotaþola, Lilju Margrétar Olsen lögmanns, 1.060.200 krónur.

Guðrún Sesselja Arnardóttir